Viðtakendur:
Halla Gunnarsdóttir, formaður VR
Eiður Stefánsson, formaður Landssambands íslenskra verslunarmanna
Jakob Tryggvason, formaður Rafiðnaðarsambandsins, f.h. Fagfélagana

Reykjavík 18. nóvember 2026

Efni: Svar Sýnar við erindi VR, Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Fagfélaganna.

Ágætu formenn,

Við þökkum bréf ykkar, dagsett 15. september 2026, og metum þann vilja sem þar birtist til að leita leiða til að ná niður verðbólgu og vöxtum, í þágu heimila og atvinnulífs í heild.

Stjórn Sýnar hf. er sammála því að stöðugleiki í efnahagsmálum er sameiginlegt verkefni sem allir aðilar, launafólk, atvinnurekendur og hið opinbera, þurfa að leggjast á árarnar við. Sýn vill leggja sitt af mörkum til þess verkefnis og mun áfram gæta hófs í verðlagningu, eftir því sem samkeppnisstaða og rekstrarforsendur félagsins gera kleift.

Á sama hátt og ekki síður teljum við eðlilegt að opinberir aðilar, ríki, sveitarfélög og opinber fyrirtæki, gegni hér mikilvægu leiðtogahlutverki. Gjaldskrár hins opinbera hafa umtalsverð áhrif á greiðslubyrði heimila og fyrirtækja og á verðbólguvæntingar almennt.

Við teljum að aðhald af hálfu einkafyrirtækja nýtist best þegar það er samhliða viðleitni hins opinbera í sömu átt, og hvetjum við VR, LÍV og Fagfélögin til að halda þessari umræðu áfram jafnt gagnvart hinu opinbera sem einkaaðilum.

Við þökkum kærlega fyrir erindið og fögnum tækifæri til frekara samtals um þessi mikilvægu mál.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Sýnar hf.

Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri